

# KJARVAL

**25% afsláttur**



**1574 KR. KG.**

SS rauðvinslegin helgarsteik

**30% afsláttur**



**1047 KR. KG.**

Bautabúrs Bayonneskinka

**599 KR. KG.**

Fiskborgarar forseiktir

**599 KR. KG.**

Fiskibollar forseiktir

**35% afsláttur**

**2279 KR. KG.**

Móa kjúklingabringur

**20% afsláttur**

**2047 KR. KG.**

Sambands hangilæri úrb.

**20% afsláttur**

**1719 KR. KG.**

Sambands hangiframpartur úrb.

**20% afsláttur**

**878 KR. KG.**

Kea hangiframp. sagaður m/beini

**9 rúllur**

**599 KR. KG.**

Charmin salernispappír

**429 KR. KG.**

Kókomjólk 6 x 1/4

**449 KR. KG.**

Meistarar Kryddkaka

**Tvöfaldir Vildarpunktar!**

16. okt.-30. nóv.

Gildir af allri veltu



Kortid sem kemur þér út KREDITORT

- Þín tilboð í Kjarval -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

## Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

**Við skorum á Pál Ragnarsson**

að kveikja á jólaljósunum hið fyrsta

*Kveðja, Vínklúbbur klaustursystra*

VÍSUR VIKUNNAR

Skaftafellssýslur Skaftfellsk byggð í skjóli fjalla skróðgræn tún og engjar fríðar, Þar sem straumhörð fljótin falla fram úr gljúfrum, niður hlíðar. Minjar elds og ísa geymir úfið hraun og gráir sandar. Ólga þér í æðum streymir undir jöklum fram til strandar.

Þú átt fagrar blómabrekkur, björgin há og fossaniðinn. Aldrei brast þinn auðnuhlekkur, ýms þó gerðust sjónarmiðin. Elda sína Katla kyndir, kunn af landsins fornu sögum. Þú átt einnig mætar myndir menningar frá liðnum dögum.

Móti sólu byggðin breiðir brjóstaögur arma sína, Og um geimsins löngu leiðir ljóssins geislar á þig skína. Að þér hafsins öldur falla, átt þú jökultindinn hæsta. Vertu frjálsum framtíð alla, fjöllum krýnda sveitin glæsta.

*Höf: Eiríkur Einarsson, Réttarholti*

## Tannlæknir

Jón Steindór Sveinsson tannlæknir verður á Heilsugæslustöðinni í Vík þann **24. nóvember næstkomandi.**

*Tímamantanir í síma 480 5340*

---

## Minnum á Þrjónakaffihúsið

á Halldórskaffi kl. 20.30

*næst hittumst við 20. nóvember og 4. og 18. í desember*

*Kvenf. Hvamshrepps*

---

## Enn og aftur óskar Fréttabúi eftir myndum af nýburum, stúdents- stórafmælis og fl.

Ennfremur óskum við eftir fréttum úr Skaftárhreppi á árinu 2008 í fréttannál.

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

46. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 19. NÓVEMBER 2008



## Uppskeruhátíð hestakrakka

Jæja félagar í hestamannafélaginu Sindra, þá er komið að því að hittast og hafa gaman. Við ætlum að hittast á Hótel Vík sunnudaginn 23. nóvember klukkan 13:00 og eiga góðan tíma saman, ýmislegt verður brallað m.a. leikir, smá föndur, video gláp og pizza át. Reiknað er með að "hátíðin" standi hátt til 16.00.

Hlakkar til að hitta ykkur  
Æskulýðsnefndin

## Atvinna í boði

### Ræsting- heimaþjónusta

Starfsmann vantar nú þegar í ræstingu á Hjallatún  
í 70% starf í dagvinnu.

Ennfremur vantar starfsmann í 25% starf  
í heimaþjónustu hjá Mýrdalshreppi.

Góður möguleiki er að sami starfsmaður sinni báðum þessum störfum.

**Allar upplýsingar fást hjá Sigríði í síma : 487-1348 eða 864-1348  
og Helgu í síma 487-1210**



Út er komin hjá Vestfirska forlaginu bókin *Húsið – Ljósbrott frá Ísafirði* eftir Hörpu Jónsdóttir. Harpa er búsett í Vík í Mýrdal.

Þetta er önnur bók Hörpu, hún fékk Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2002 fyrir \*Ferðina til Samiraka\* og sama ár var hún valin bæjarlistamaður Ísa-fjarðarbæjar. Harpa er einnig þekkt hannyrðakona.

Sagan af húsinum segir fyrst og fremst frá fólkinu í kring um það, bænnum og nánasta umhverfi.

Höfundur bregður upp hlýlegum en jafnframt skarp-skygnum myndum af bæjarbrag og samfélagi á Ísafirði, séð með augum þess sem tilheyrir því – en þó ekki.

Fjöldi ljósmynda setur svip á verkið

*Fréttatilkynning*



Kúreki kemur inn á rakarastofu til þess að fá gamaldags rakstur. Rakarinn býður honum að láta pússa skóna sína, sem hann þiggur. Um leið og raksturinn hefst kemur fallegasta kona sem maðurinn hafði nokkurn tíman séð fram og byrjar að pússa skóna hans. Kúrekin spyr hana því hvort hún vilji ekki hitta hann á hótélherbergi það kvöld og eiga gott kvöld saman“ „Ég er bara gift“, svarar hún. „Ekkert mál, segðu bara manningnum þínum að þú sért að vinna og ég skal borga mismuninn“, segir kúrin. „Segðu honum það bara sjálfur, það er hann sem er með hnífinn við hálsinn á þér“ segir hún þá.



Sópran, trompet og orgel.

Sunnlenska tónlistarfólkið Margrét Stefánsdóttir sópransöngkona, Jóhann Stefánsson trompetleikari og Hilmar Örn Agnarsson orgelleikari munu halda tónleika í Víkurkirkju Vík í Mýrdal, **sunnudaginn 23. nóv kl. 16:00.**

Á efnisskránni eru fjölbreytt verk fyrir sópran, trompet og orgel. Má nefna verk eftir Bach, Händel, Scarlatti, Atla Heimi Sveinsson, Magnús Þór og Egil Ólafsson.

Þessi samsetning á tónlistarfólki er nokkuð óvenjuleg og gefur marga skemmtilega möguleika. Sum verkin eru skrifuð fyrir svona hóp en önnur eru í útsetningum tónlistarfólksins, sem hefur getið sér gott orð bæði innanlands og erlendis og verið mjög virkt í tónlistarstarfi á Suðurlandi og víðar síðastliðin ár.

Allir eru hjartanlega velkomnir  
aðgangur kr. 1.000

***Tónleikarnir eru styrktir af  
Meningarráði Suðurlands.***

Sp: Hvað telja eiginmenn vera þeirra hlutur í húsverkunum  
Sv. Að lyfta upp fótunum þegar eiginkona ryksugar

# Íslenskuvika

Þessi vika er helguð tungumálinu. Sunnudagurinn 16. nóvember er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar og hefur hann öðlast fastan sess í samfélaginu sem dagur íslenskrar tungu.

Í Grunnskóla Mýrdalshrepps er löng hefð fyrir því að undirbúa og halda kaffihúsakvöld af þessu tilefni.

**Kaffihúsakvöldið verður 20. nóvember kl. 19:30**

Fjölbreytt dagskrá með upplestri, söng og tónlist

Nemendafélagið verður með kaffisölu

Íslenska er okkar mál



Frá velheppnaðri fýlaveislu 8. nóv. sl. á Ströndinni í Víkurskála, sjá má Hafstein Jóhannesson fyrrv. sveitarstjóra Mýrdalshrepps, Sigurð Sigurðarson dýralækni og Ólöfu Halldórsdóttur.

**+** Rauði kross Íslands  
Víkurdæld

## Fatasöfnun Rauða krossins

hyggst standa fyrir sparifatasöfnun í samstarfi við Víkur deild RKÍ í húsnaði deildarinnar við Suðurvíkurveg  
**á milli kl. 11-13 laugardaginn 22. nóvember.**

*Vonumst eftir góðum viðbrögðum*

**RKÍ, Víkurdæld.  
Sveinn Þorsteinsson**

## Hestamannafélagið Kópur auglýsir!

Félagsfundur Hestamannafélagsins Kóps verður haldinn á Hótel Klaustri föstudagskvöldið  
**21. nóvember nk. kl. 20:30.**

Helst á dagskrá er að fara yfir nýafstaðið ársþing LH og ársátíð Kóps, ræða um komandi starfsár, hugsanlegt samstarf við nágrannafélögin okkar, heimasíðu félagsins ([www.hmf-kopur.bloggar.is](http://www.hmf-kopur.bloggar.is)) og fleira.

**Kaffi og meðlæti í boði félagsins**  
(vonum að Gunnar Pétur baki fyrir okkur...)

Mætum sem flest og eigum notalega kvöldstund saman

Stjórnin

## RAUÐFLEKKÓTTUR BOLAKÁLFUR

Einu sinni í fyrndinni var veisla haldin mjög ríkugleg og var maður sá boðinn til veislunnar sem var kunningi brúðgumans. Maður þessi gat ekki nærst á neinu því sem á borð var borið. Brúðguminn spurði hverju þetta sætti, en gesturinn svaraði engvu þar til. Brúðguminn spurði hvert hann væri veikur; hinn kvað það satt vera. En þegar brullaupinu var slitið fór gestur þessi heim til [sín] og skreiddist með veikum burðum í bólið. Foreldrar hans vildu vita hvernig kvillinn hagaði sér, en hann var dulur á því og kvað það engvum koma við, en þeim sárnaði þetta og sendu mann á læknis fund að leita syni sínum hjálpar.

Þegar hann kom til læknisins spurði læknirinn eftir veikleika sjúklingsins, en sendimaðurinn gat ekki frætt hann á því. Læknir þóttist nú í mesta vanda staddur að fréttu ekkert um sjúkdóminn og skipaði sendimanni að fara heim aftur og sækja þvag sjúklingsins og sýna sér.

Maðurinn gjörði eftir því sem honum var fyrir lagt, helldi þvaginu á flösku og fór svo á stað með það á leið til læknisins. En á miðri leið vildi svo óheppilega til að þegar sendimaður stökk yfir læk eða skurð datt manntetrið og hraut flöskuna og missti niður dropann sem í henni var. Nú varð hann hreint ráðalaus, þorði ekki heim aftur, en þótti minnkun að koma til læknisins við svo búíð því þá hefði ferð hans orðið til ónýtis. En til allrar lukku voru margar kýr þar í haganum. Þá kemur honum til hugar að bíða þar til einhver kýrin pissaði. Honum tókst þetta loksins sökum hans staklegu þolinmæði; einni kúnni varð mál og sendimaður færði þar

undir stórt drykkjarhorn og fyllti það að lokum, fór síðan í braut til læknisins, vel ánægður yfir dropanum sem hann bar í horninu, og færði síðan lækni hornið þegar hann kom til hans.

Læknirinn hellti úr því á glas og skoðaði vandlega. Síðan sagði hann: "Ég sé öngvan sjúkdóm fölginn í manningnum (eða skepnunni) nema hún gengur með rauðfleckóttan bolakálf, og get ég ekki sent nein meðöl við því."

Sendimaður fór af stað við svo búíð og sagði húsbændum sínum svo sjúklingurinn heyrði. Þau urðu ókvæða við og sögðust ei skilja í því hvurnig á því stæði þegar sjúklingurinn væri karl en ekki kona, en sögðu það mundi þó vera satt sem læknirinn segði. Sjúklingurinn trúði því líka og um nóttina strauk hann í burtu þá fólk var í svefni, og hugsaði að ala kálfinn út á víðavangi þar sem enginn maður yrði var við.

Hann fór nokkra daga huldu höfði þangað til hann var orðinn skólaus og gekk næstum á berum fótunum. Vildi svo heppilega til að hann fann dauðan mann freðinn sem var í stígvélum. Sjúklingurinn sem áður var þóttist vel hafa veitt og braut af fætunar í hnjáliðunum því hann vantaði hníf, og bar þá í poka sínum og hélt heim til næsta bæjar því nú þekktist hann ekki vegna þess hann var kominn svo langt frá sínum áthögum og þar að auki þrýsti neyðin honum til að þíða fætunar úr stígvélunum. Þegar hann kom á bæinn beiddist hann gistingar og fékk hana, en hann vildi hvurgi sofa nema undir palli og lagði stígvélin með fótunum í til fóta sinna svo enginn maður þar á bænum [skyldi sjá þau].

En svo bar til að á þessum sama bæ bar kýr um nóttina og vakti allt fólkíð yfir henni; kýrin átti rauðfleckóttan bola sem var

borinn inn á baðstofugólfið, en fólkíð fór út í fjós að gæta kýrinnar.

Nú vikur sögunni til gestsins; kálfurinn gaulaði, en gesturinn vaknaði við vandan draum. Honum datt nú ekki annað í hug en að hann væri búinn að fæða kálfinn og þóttist merkja að hann væri rauðfleckóttur, stökkur síðan af stað og skildi eftir fætunar í ógáti og hleypur af bænum og veit ég ei til hans framár.

Síðan kom einhver af heimilisfólkinu inn í bæinn og sér, að kálfurinn er á gólfinu og þar að auki að gesturinn er horfinn, en fótastúfarnir liggja til fóta í bólinu, verður dauðhræddur, hleypur út til fólksins sem var í fjósinu og segir hvað fyrir sig hafi borið, og varð það ályktun allra að kálfurinn hafi étið gestinn og séu til merkis fæturnir [er] lágu í rúminu.

Síðan ræðir það um hvurnig skuli ráða kálfinn af dögum og samþykktu allir að rífa gat á baðstofuhliðina þegar birti af degi og bera grjót inn á pallinn og freista hvurt kálfurinn yrði hæfður ofan um lúkgatið. Þegar birti af degi var farið að fullnægja dómnum og rifu nokkrir gatið á hliðina, en aðrir báru að grjótið á meðan, og síðan voru tilskipaðir þeir sem kastfímastir voru að grýta kálfinn í hel sem þeim veitti næsta létt því kálfurinn var rétt við stigann.

En þá hann var fallinn að velli hljóp hvor með sína grélu og pikkaði hann þar til allir ályktuðu að kálfurinn væri vissulega dauður. Síðan var kálfurinn dreginn til sjóar og brenndur til ösku þá vindur stóð af landi, og askan færð út á sjó og sáð þar útbyrðis og kann ég nú ekki að segja neitt framár af kálfinum eða manningnum sem varð sjúkur, og lýkur svo þessari frásögu.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)



Skáldið  
Jónas Hallgrímsson

Ég ætlaði mér að yrkja einhvern fallegan brag en þegar til á að taka ég tími því ekki í dag.

Ég verð að bera á báru það besta sem mér er veitt og seinast sofna ég frá því og svo fær enginn neitt.

Og það er þér að kenna sem þrái ég alla stund, þú áttir ekki að eiga þenna úlfgráa hund.

Þú áttir ekki að ginna mig á því að segja þú skulir muna mig aftur þegar þú ferð að deyja.

Nú er þér bregst í brjósti blóðið og slokknar fjör þá er ég þreyttur að lifa, á þína kem ég för.

En hvernig heimskir náir með hjúp og moldarflet. „unnast best eftir dauðann“ ég aldrei skilið get.

Efnið fór, en andinn þraut, ekki' er hægt að tala! við erum allir orðnir naut, einn hefur horn og hala